



**SKOÐUN** Samfylkingarfólki mistókst að sannfæra þjóðina, skrifar Guðmundur Andri. **13**



**TÍMAMÓT** Ferðafélagið Útivist er fertugt í dag og helst vel á félagunum. **14**



**LÍFÍÐ** Ragnheiður Jónsdóttir gleður aðra í þrjá tíma á dag á Facebook. **20**



**SPORT** Gerpla á Íslandsmeistarana í bæði karla og kvennaflokki. **22**

Til hvers að flækja hlutina?

365

LIFÐU Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

23. MARS 2015  
69. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Sorpa brotleg

Reglum var ekki fylgt þegar Sorpa samdi um gerð gas- og jarðgerðarstöðvar á Álfsnesi. **6**

**Danir fá leynigögn** Dönsk skattayfirlöng fengu nýlega upplýsingar úr skattaskjól frá skattayfirlöngum annars lands sem ekki er nafngreint. **6**

**Hvalir eitra ekki samskipti** Fyrirverandi sendiherra Íslands í Bandaríkjunum segir afstöðu Bandaríkjamanna til hvalveiða og pólitískan þrýsting vegna þeirra ekki hafa eittrað samskipti þjóðanna. **10**



SHALDÖR  
12

Bolungarvík	-2°	NNA12
Akureyri	-2°	NNV 8
Egilsstaðir	-1°	NV 7
Kirkjubæjarkl.	2°	NNV 8
Reykjavík	0°	NA 11

**N-átt** Í dag má búast við 8-13 m/s, það léttir til sunnan- og vestanlands en yfirleitt skýjað N- og A-til og él, einkum NA-lands síðdegis. Kólnar í veðri. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



# Algengt að fatlaðar konur séu beittar alls kyns ofbeldi

Ný rannsókn sýnir að stuðning vantar fyrir fatlaðar konur sem eru þolendur ofbeldis af ýmsu tagi. Ofbeldið er meðal annars andlegt, líkamlegt, kynferðislegt og þjónustutengt. Valdaleyssi og félagsleg útskúfun hefur áhrif.

**OFBELDI** Niðurstöður nýrrar rannsóknar um ofbeldi gegn fötluðum konum sýna að það tengist jaðarsettri stöðu þeirra í samfélaginu og valdaleyssi þeirra.

„Þessir þættir urðu líka til þess að konur fengu síður hjálp því þeim var ekki trúað, málum var sópað undir teppi og þess háttar,“ segir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, einn höfunda rannsóknarinnar.

Rannsóknin náði til fjögurra landa, meðal annars Íslands. Markmiðið var að skoða aðgengi fatlaðra kvenna sem höfðu orðið

fyrir ofbeldi að stuðningi. Fram kemur að ofbeldi gegn fötluðum konum sé algengt og að langfæstar þeirra sem urðu fyrir ofbeldi fengu víðeigandi stuðning til að takast á við afleiðingarnar.

Ofbeldið sem konurnar voru beittar var af margvíslegum toga, andlegt, líkamlegt, kynferðislegt og þjónustutengt.

Konurnar sem tóku þátt í rannsókninni á Íslandi töluðu mikið um það hversu jaðarsettur hópur þær væru og félagslega útskúfun sem þær höfðu upplifað.

„Fordómar sem þær höfðu

mætt birtist til dæmis í gríni á kostnað fatlaðra kvenna og niðurlægjandi athugasemdum,“ segir Hrafnhildur.

Konurnar sögðust hlutgerðar og ekki vera virtar sem manneskjur. Þeim myndist ekki gert ráð fyrir þeim í samfélaginu, þær væru annars flokks. Til lengri tíma yrði það til þess að þær yrðu jafnvel samdauna ofbeldinu og réttur þeirra minni.

„Í þessu samhengi væri vitundarvakning um stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu mjög mikilvæg og umræða um það hvernig



For-  
dómar sem  
þær höfðu  
mætt birtist  
til dæmis í  
gríni á kost-  
nað fatlaðra  
kvenna.

Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir

fordómar gegn fötluðu fólki birtast,“ segir Hrafnhildur.

- vh, sjá nánar síðu 4.



**SÁTTIR MEISTARAR** Besta fimleikafólk Íslands bauð upp á flott tilfrif á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum um helgina. Hér laumar Valgarð Reinhardsson, Íslandsmeistarinn í karlaflokki, sér inn á mynd með sigursælustu konunum, meðal þeirra eru Dominiqua Alma Belányi, Thelma Rut Hermannsdóttir og Norma Dögg Róbertsdóttir sem allar unnu gull. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Duldar auglýsingar bannaðar: Lífsstílsbloggin til skoðunar

**NEYTENDAMÁL** Skil milli auglýsingar og umfjöllunar eru oft afar óskýr á vefnum. Hjá nágrennaþjóðum okkar hafa tísku- og lífsstílsblogg verið undir smásjóni hjá stofnunum.



TRYGGVI AXELSSON

„Í prinsippinu er það alveg skýrt að við höfum lög um markaðssetningu og viðskiptahætti sem taka fyrir duldar auglýsingar,“ segir Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu.

Tryggvi segir að stofnunin hafi í mörg horn að líta og sem stendur sé hvorki mannskapur né fjármagn til að skoða málið. „En við skoðum forgangsröðun okkar reglulega og það er aldrei að vita nema þetta verði tekið til skoðunar,“ segir hann. -j6e / sjá síðu 26

Sigríður Ingibjörg dregur sig ekki í hlé frá stjórn málum eftir átök helgarinnar:

## Fólk í sárum eftir formannsslag

**STJÓRN MÁL** Samfylkingarfólk hefur margt hvert eytt helginni í að blása út eftir formannsslaginn á föstudag. Þá sigraði Árni Páll Árnason, sitjandi formaður, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur með minnsta mögulega mun, einu atkvæði.

Ýmist málsmetandi fólk úr flokknum gaf út harðorðar yfir-

lýsingar í kjölfar kosninganna. Valgerður Bjarnadóttir þingkona sakaði flokkssystur sína í þingflokknunum, Sigríði Ingibjörgu, um tilraun til yfirtöku og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður, sagði framboðið hafa verið misráðið.

Sigríður Ingibjörg sagði í gær að hún velti stöðu sinni fyrir sér

og væri jafnvel að ihuga að hætta. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að svo verði ekki, hún muni halda áfram í sínum stöðum.

Ljóst er aftur á móti að niðurstaðan var flokknum slæm. Hann kemur klofinn út úr landsfundi sem boðaður var til að hrista fólk saman fyrir komandi átök.

- kóp / sjá síðu 8

**Pinex® Smelt**  
Munndreifitöflur 250 mg

Actavis

SCHENKER-HÖLLIN  
24. og 25. MARS  
KL. 19:15  
ÁSVÖLLUM, HAFNARFIRDI

Miðasala í fullum gangi á [midi.is](http://midi.is)

Kringlan

KRINGLU KAST

SÍÐASTI DAGURINN

20% TIL 50%

NÝJAR VÖRUR Á AFSLÆTTI



## SPURNING DAGSINS



Bjóða Gaflarar fólki inn á gaffl?  
„Hafnfirðingar ætla að bjóða fólki heim á síðasta vetrardag.“

Kristinn Sæmundsson er skipuleggjandi tónlistarhátíðarinnar Heima sem fram fer í Hafnarfirði.

Stuðningur við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks helst svipaður:

## 36 prósent styðja ríkisstjórnina

**STJÓRN MÁL** Samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 styðja 36 prósent landsmanna ríkisstjórnina. Stuðningurinn mælist svipaður og hann hefur gert undanfarna mánuði.

Stuðningurinn var nokkuð jafn milli kynjanna en 37 prósent karla í könnuninni sögðust styðja hana og 35 prósent kvenna. Af þeim sem spurðir voru og studdu Sjálfstæðisflokkinn studdu 98 prósent ríkisstjórnina, 95 prósent þeirra

sem styðja Framsóknarflokkinn, 6 prósent þeirra sem styðja Samfylkinguna styðja ríkisstjórnina, 8 prósent af þeim sem styðja Vinstri græna og 9 prósent þeirra sem styðja Pírata styðja ríkisstjórnina.

Stuðningur meðal þeirra sem eru eldri en 50 ára er meiri en þeirra sem yngri eru. 32 prósent þeirra sem styðja ríkisstjórnina eru á aldrinum 18-49 ára og 40 prósent þeirra sem styðja hana eru 50 ára og eldri.



HALDA VELLI Stuðningur við ríkisstjórnina er svipaður nú og hefur verið undanfarna mánuði í könnunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Kerecis hlaut verðlaunin í ár:  
**Vinna afurðir úr þorskroði**

**TÆKNI** Fyrirtækið Kerecis hlaut Íslensku þekkingarverðlaunin í ár.

Kerecis hefur unnið að því að vinna verðmæti úr afurðum sem falla úr nýtingu.

Fyrirtækið hefur þróað tæki til að vinna stoðefni úr þorskroði, meðal annars efni til að meðhöndla alvarleg sár.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Guðmundi F. Sigurjónssyni, framkvæmdastjóra Kerecis, verðlaunin.

- sfs



HRINGBRAUT Mildri þótti að ekki slösuðust fleiri en þeir sem voru í bílnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tveir slösuðust þegar bílstjóri missti stjórn á bíl sínum:  
**Ók á göngubrú við Hringbraut**

**UMFERÐ** Bílstjóri missti stjórn á bíl sínum við Hringbraut seinnipartinn í gær. Bílnum var ekið utan í göngubrú sem liggur yfir Hringbraut. Við áreksturinn eyðilagðist grindverkið á brúnni og bílnum hvolfði. Einn farþegi var ásamt bílstjóranum í bílnum og voru þeir báðir fluttir á sjúkrahús til aðhlyningar en meiðsl þeirra voru ekki alvarleg. Lögregla þurfti að saga hurðir af bílnum til að ná til farþeganna.

- sfs

Taka vel í hugmyndir Pírata:  
**Stjórnarandstaða skoðar bandalag**

**STJÓRN MÁL** Formenn stjórnarandstöðunnar taka almennt vel í hugmyndir Birgittu Jónsdóttur, kapteins Pírata, um kosningabandalag stjórnarandstöðunnar. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær hugmyndir um að setja stjórnarskrármálið og aðildarviðræður í öndvegi í slíku samstarfi ríma ágætlega við áherslur VG. Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, og Guðmundur Steingrímsson voru einnig jákvæðir gagnvart samstarfi.

- vh

Nóróveirusýking kom upp:  
**Sjúkrahótelinu lokað yfir helgi**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkrahótel Landspítalans, sem Sinnum ehf. rekur við Ármúla, var lokað yfir helgina vegna nóróveirusýkingar. Vonast er til að hótelið verði opnað aftur í dag. Sjúklingar voru fluttir á Landspítalann.

„Allar tafir af þessu tagi eru okkur mjög erfiðar. Þessi uppákomu undirstrikar kannski þörfina fyrir sjúkrahótel á vegum Landspítalans,“ segir Guðlaug Raket Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri flæðisviðs Landspítalans.

- sfs

# Vara við afleiðingum sprenginga í götunni

Egill Ólafsson og Tinna Gunnlaugsdóttir óttast skemmdir á húsi sínu verði sprengt í klöpp fyrir grunnum húsa sem verða flutt á lóðir andspænis þeim á Grettisgötu. Eigendur Laugavegar 28a segjast miður sín og vilja heimild til að hækka húsið sitt.

**SKIPULAGSMÁL** Hjónin Tinna Gunnlaugsdóttir og Egill Ólafsson óttast skemmdir á húsi sínu ef leyft verður að sprengja fyrir grunnum húsa sem til stendur að flytja á Grettisgötu 9a og 9b.

Í athugasemd sem Tinna og Egill senda borginni segir að í bakhúsi við timburhús þeirra á Grettisgötu 8 séu hleðslur úr holsteini sem standi á klöpp. „Þær eru ekki með styrktarjárnnum eins og tíðkast með flesta steinveggi sem byggðir eru á síðari tímum,“ segja Egill og Tinna. Ef leyfðar verði sprengingar handan götunnar geti þær haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

„Okkur þykir ekki óeðlilegt að gagnvart eignum sem hér eru fyrir, gömlum og viðkvæmum byggingum, verði sprengingar vegna framkvæmda við lóðirnar 9A og 9B ekki leyfðar. Verði ekki hjá þeim komist, óskum við eftir faglegru úttekt á ástandi steinhleðslanna, fyrir og eftir framkvæmdir og að borgaryfirvöldum sem og væntanlegum seljendum lóðanna verði gerð grein fyrir mögulegum bótakröfum sem gætu skapast af áður nefndu raski,“ segja hjónin á Grettisgötu.

„Við undirritaðir eigendur að Laugavegi 28a höfum skiljanlega töluvert við þessa tillögu að athuga og vorum satt að segja alveg miður okkar þegar við heyrðum af henni fyrst,“ segir í athugasemd. „Ekki þarf sérstaklega glögga menn til að sjá að verði af þessum framkvæmdum mun það rýra verðgildi fasteignar verulega, að fá svo há hús beint suður af okkar húsi.“

Eigendur Laugavegar 28 segja að þótt þeir fagni þéttingu byggðar horfi það öðruvísi við ef það sé í túnfætinum hjá þeim sjálfum. „En við höfum samt sem áður ákveðið að í stað þess að vera með leiðindi, að nota tækifærið,“ segja þeir, „og sækjum hér með um leyfi til að hækka húsið okkar.“

Þar sem gert sé ráð fyrir verulegri fækkun bílastæða segjast Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur minna á nauðsyn mótvægisáðgerða „og leggja til að opnað verði fyrir almenna notkun íbúakorta að bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs“.

Stjórn samtakanna lýsir ánægju með breytta götumynd Grettisgötu með flutningi tveggja eldri



Á LEIÐINI Húsin sem voru flutt af Grettisgötu 17 og Laugavegi 36 í febrúar til að rýma fyrir hótélbyggingu sem síðan var samþykkt í skipulagsráði á miðvikudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



EGILL OG TINNA Hafa búið gegnt Grettisgötu 9 í 35 ár. Þau segja sprengingar handan götunnar geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

timburhúsa á lóðirnar tvær sem nú séu nýttar fyrir bílastæði.

Í Fréttablaðinu á miðvikudag sagði frá því að athugasemdir sem bárust í málinu fengjust ekki afhentar hjá borginni. Þær bárust þó eftir að fréttin birtist. Var sagt að um mistök hefði verið að ræða.

gar@frettabladid.is

Nemendur söfnuðu milljón krónum sem þeir afhentu börnum í Reykjadal:  
**Lét húðflúra á sig merki MR**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við vorum með söfnunarbauka í öllum stofum og þegar við fórum með allt klinkið í bankann eyðilögðum við mynttalingarvélina því við höfðum safnað svo miklu,“ segir Sólveig Bjarnadóttir nemandi í Menntaskólanum í Reykjavík og einn skipuleggjandi góðgerðarvinnunnar í MR.

Nemendur við MR færðu Reykjadal, sumar- og helgardvöl Styrktarfélagssamaðra og fatlaðra, eina milljón króna nú um helgina.

Nemendurnir söfnuðu fénu í góðgerðarviku skólans og aldrei hefur safnast jafn mikið fé. Nemendurnir tóku við ýmsum áheimum en sá nemandi sem safnaði mestu fé, Benedikt Traustason, lét húðflúra merki skólans á sig. Annar nemandi safnaði áheimum með því að hjóla á milli Selfoss og Reykjavíkur og vinsælt þótti að safna



GLEÐI Í REYKJADAL Nemendur úr MR afhentu börnunum eina milljón króna.

MYND/BERGLIND SIGURGEIRSDÓTTIR


fé með því að taka „selfie“ af sér með rektorshjónunum. Sólveig var himinlifandi með árangurinn og segir að andinn hafi verið góður í skólanum í vikunni. „Nemendurnir voru mjög ánægðir með að við skyldum velja Reykjadal í þessu verkefni. Fólk var mjög duglegt að gefa en söfnunin fór fram úr

okkar björtustu vonum. Í fyrra söfnuðust 650.000 krónur þannig að þetta er mikill árangur,“ segir Sólveig sem ásamt öðrum nemendum úr MR mætti niður í Reykjadal um helgina og afhenti upphæðina börnum sem voru við helgardvöl í Reykjadal.

- sfs

# KRÓNAN

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...



AÐEINS  
**40** kr.  
STYKKIÐ  
ef keypt eru 10 stk.  
- annars 50 kr. stk.

# Framtalsfrestur er liðinn

*Ef þú átt enn eftir að skila  
framtali þá vinsamlegast skilaðu  
sem allra fyrst*

*Fyrir flesta tekur frágangur  
skattframtalsins aðeins fáar mínútur.*

*Á skattur.is getur þú fundið  
framtalið þitt með öllum innsendum  
upplýsingum frá launagreiðendum,  
fjármálastofnunum og öðrum  
þar til bærum aðilum.*

## Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 20. mars.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 31. mars. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

## Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

- 1 Opna framtalið**
- 2 Yfirfara upplýsingar**
- 3 Breyta ef þarf**
- 4 Staðfesta**

## Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum í gsm síma, rafrænum skilríkjum á korti og með veflykli RSK.

Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

## Símaþjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30-15:30.

Dagana 18. - 20. mars verður símaþjónusta til kl.18:00 og 30. og 31. mars verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

# skattur.is



SVONA ERUM VIÐ



**118** prósentu fjölgun varð á ofbeldismálum

öðrum en kynferðisbrotum fyrir Hæstarétti Íslands milli árunna 1993 og 2013.

Fyrra árið voru brotin 11 en 24 síðar nefnda árið. Átján slík brot komu fyrir Hæstarétt árið 2003.

Heimild: Hagstofa Íslands.

# Ástandið í Jemen er eldfimt og ítök forsetans fara minnkandi. Öryggisráð SP fundar um ástandið: Uppreisnarmenn ná valdi á fleiri borgum

**JEMEN, BBC** Þriðja stærsta borg Jemens, Taiz, er fallin í hendur Houthi-uppreisnarmanna. Íbúar borgarinnar þustu út á götur til að mótmæla og féll einn í valinn eftir að hafa fengið táragskyli í sig.

Höfuðborgin San'a hefur verið á valdi uppreisnarmannanna síðan í febrúar eftir að þeir steypu forsetanum Abdrabbuh Mansour al Hadi af stóli. Hann flúði suður á bóginn til borgarinnar Aden og hefur hafst þar við.

Ástandið í landinu er uggvæn-

legt en auk Houthi-samtakanna njóta Íslamska ríkið og al-Kaída sívaxandi stuðnings. Bandaríkin hafa tilkynnt að hermenn þeirra muni snúa heim frá landinu sökum ástandsins þar.

Hersveitir uppreisnarmannanna stefna nú suður í átt að Aden og telja margir aðeins tímaspursmál hvenær fleiri borgir falla í þeirra hendur.

Meðlimir samtakanna eru flestir síja-múslimar úr norðurhluta landsins. Eftir að þeir steypu al

Hadi af stóli hefur fimm manna nefnd verið í forsæti landsins. Súnní-múslimar sunnar í landinu neita hins vegar að viðurkenna stjórnina.

Forsetinn sakar Írana um að styðja við bakið á samtökunum. Írönsk stjórnvöld sverja allar slíkar tengingar af sér.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna mun koma saman á næstu dögum til að ræða ástandið í landinu og hvað sé hægt að taka til bragðs.

-jóe



**STYÐJA FORSETANN** Meðlimir her-sveita sem berjast enn fyrir al Hadi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SÓLHEIMAR** Ekki á ábyrgð hreppsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Sveitarstjórn hafnar beiðni: Sólheimar sjái um lýsinguna

**SVEITARSTJÓRNIR** Grímsnes- og Grafningshreppur mun ekki verða við ósk um að sveitarfélagið taki yfir rekstur eða greiði götulýsingu í byggðahverfinu Sólheimum.

„Að sveitarfélagið greiði götulýsingu að Sólheimum er ekki til samræmis við aðra byggðakjarna í sveitarfélaginu,“ segir í samþykkt sveitarstjórnarinnar. „Sólheimar eru í einkaeygu og sveitarfélagið því hvorki skipulagt þann byggðakjarna né fengið tekjur af lóðarleigu, kaupverði eða gatnagerðargjöldum.“

-gar

## Aðalfundur samtakanna '78: Lofa fögru en lítið um efndir

**MANNRÉTTINDI** „Stefna er einskis virði án fjármagns til framkvæmda,“ sagði Hilmar Hildarson Magnússon, formaður Samtakanna '78, í ávarpi sínu á aðalfundi samtakanna um helgina. Hann segir að fagri stefnu ríkis og sveitarfélaga verði að fylgja fjármagn og að það sé ósanngjarnt að sjálfboðaliðar beri starfið á herðum sínum. Samtökin '78 eru eina stofnunin á Íslandi sem býr yfir sérfræðisþekkingu og veitir aðstoð í málefnum hinsegin fólks en mikill þrýstingur er á samtökin af hálfu hins opinbera án þess að viðunandi fjármagn fái. „Stjórnmalamenn eru mjög duglegir við að lofa öllu fögru fyrir kosningar en svo er oft lítið um efndir eftir þær,“ segir Hilmar.

-srs

**OFBELDI** Ofbeldi gegn fötluðum konum er algengt vandamál sem er nátengt félagslegri stöðu þeirra og valdleysi. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn á ofbeldi gegn fötluðum konum.

„Rannsóknin er hagnýt í grunninn og það var lögd áhersla á að hægt væri að þróa einhvers konar ábendingar eða hagnýt tæki til að stuðla að bættum stuðningi til fatlaðra kvenna. Efni sem gæti nýst til þess að stuðla að vitundarvakningu og auka fræðslu,“ segir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir sem ásamt Rannveigu Traustadóttur er höfundur rannsóknarinnar. Rannsóknin var unnin af Rannsóknasetri í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands í samstarfi við rannsóknastofnanir og háskóla í Austurríki, Þýskalandi og Bretlandi.

Rannsóknin var unnin á þann hátt að fjórir rýnihópar sem í voru 4-6 fatlaðar konur hittust og ræddu um ofbeldi gegn fötluðum konum. Einnig voru tekin eigindleg viðtöl við fatlaðar konur sem voru þolendur ofbeldis og viðtöl tekin og sendir spurningalistar til samtaka og stofnana sem hjálpa þolendum ofbeldis.

Niðurstöðurnar sýna að margar kvennanna sem tóku þátt í rannsókninni höfðu orðið fyrir margs konar ofbeldi, svo sem kynferðislegu, andlegu og þjónustutengdu. Margar höfðu upplifað það að ofbeldið var þaggað niður og falið. Konurnar fengu sjaldan stuðning til þess að takast á við afleiðingar ofbeldisins og töldu fólk yfirleitt ekki gera sér grein fyrir því hversu alvarlegt



**VALDALEYSI** Í mörgum tilvikum var ofbeldið nátengt félagslegri stöðu kvennanna og valdleysi þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**HRAFNHILDUR SNÆFRÍÐAR- OG GUNNARSDÓTTIR**

þar spilar líka inn í valdaójafnvægi sem ríkir í samskiptum við aðra,“ segir Hrafnhildur. „Það

getur ýtt undir ofbeldisaðstæður, það er ekki tekið mark á þeim og ekki hlustað á þær. Oft var það þannig að konurnar eru háðar gerandanum um stuðning í daglegu lífi og voru þá einangraðar að því leyti að það var mjög erfitt fyrir þær að nálgast hjálp.“

Hrafnhildur segir margar kvennanna einnig hafa talað um það hvað þjónustan sem þær þyrftu væri stýrandi afl í lífi þeirra. Þær hefðu lítið vald yfir eigin lífi og það hefði áhrif á sjálfsmynd þeirra.

Markmið rannsóknarinnar var að skoða aðgengi fatlaðra kvenna að stuðning og kom það skýrt fram að bæta þyrfti stuðning og fræðslu. „Þær töluðu einnig um að fatlaðar konur áttu sig oft ekki á því þegar þær yrðu fyrir ofbeldi vegna þess að þær væru svo vanar að aðrir tækju fram fyrir hendurnar á þeim og beittu þær einhvers konar valdi.“

Í kjölfar rannsóknarinnar hafa verið gerðir bæklingar ætlaðir fötluðum konum sem verða fyrir ofbeldi. viktorija@frettabladid.is

Pýsk gæði

Dethleffs

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is


Útilegu maðurinn

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 17°	Friedrichshafen 13°	New York 3°
Apéna 18°	Gautaborg 7°	Orlando 26°
Basel 16°	Kaupmannahöfn 7°	Ósló 9°
Berlín 10°	Las Palmas 19°	París 13°
Billund 9°	London 11°	San Francisco 15°
Frankfurt 12°	Mallorca 16°	Stokkhólmur 6°

**Á MORGUN**  
Viða hægt norðlæg átt en hversir síðdegis af suðaustri.

**MÍÐVIKUDAGUR**  
Stíf SA-átt fram eftir degi, snýst í SV-átt og lægir.

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður



**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR - AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



**STANZAÐU  
 SEM SNÖGGVAST**  
 ókeypis ástandsskoðun  
**Í MARZ**



**Betri helminginn af mars er ókeypis ástandsskoðun á bremsum í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota.**

Auk þess bjóðum við **20% afslátt\*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufletttri vaxtalausri greiðsludreifingu.\*\*

Stanzaðu sem snöggvast hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota 16.–31. mars og haltu óhikað áfram út í vorið.

**Engin vandamál - bara lausnir.**

Toyota Kaupþúni	Kaupþúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

\*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.

\*\*Sé greitt með korti er hægt að dreifa greiðslum – vaxtalaus – í allt að 9 afborganir. Korthafi ber 3,5% lántökukostnað.

Kynntu þér betur þjónustu okkar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Pantaðu tíma í dag.  
 Það er einfalt og fjótlegt.



## VEISTU SVARID?



1. Hver bauð sig fram sem formaður Samfylkingarinnar, gegn Árna Páli Árnasyni, sitjandi formanni?
2. Hver er forseti Nígeríu sem býður sig aftur fram til forseta í vikunni?
3. Hvað heitir höfuðborg Jemens?

SVÖR

1. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. 2. Goodluck Jonathan. 3. Sa'ara

Danski skattamálaráðherrann sakar skattinn um vanrækslu með því að afla ekki upplýsinga vegna leka:

## Ný skattaskjólsgögn bærust til Danmerkur

**DANMÖRK** Dönsk skattayfirvöld fengu nýlega upplýsingar úr skattaskjól frá skattayfirvöldum annars lands sem ekki verður nafngreint að þeirra ósk.

Greint er frá þessu á vef Jótlandspóstsins. Þar kemur fram að skattayfirvöld í Danmörku hafi tvisvar áður fengið upplýsingar úr skattaskjólum. Annars vegar eftir að fyrrverandi starfsmaður í bankanum LGT Bank í Liechtenstein hafði selt þýskum yfirvöldum upplýsingar um bankainnistöður og hins vegar eftir lekann úr HSBC-bankanum í Sviss. Greint er frá því að dönsk skattayfirvöld hafi

nýlega fengið aðgang að síðarnefndu gögnunum.

Á vef Jótlandspóstsins er vitnað í frétt Politiken um að dönsk yfirvöld hafi vitað um lekann frá HSBC-bankanum frá 2008. Þau hafi hins vegar ekkert gert til að rannsaka hvort í leynigögnunum væru upplýsingar um möguleg skattaundanskot Dana.

Haft var eftir skattamálaráðherra Danmerkur, Benny Engelbrecht, að þetta hefði verið vanræksla. Slíkt mætti ekki endurtaka sig.

- ibs



LEYNIGÖGN

Dönsk skattayfirvöld eru gagnrýnd fyrir að afla ekki upplýsinga vegna lekans frá HSBC-bankanum.

NORDICPHOTOS/AFP

**Skrúfur, múrboltar og festingavörur**

**MÚRBÚÐARVERÐ**

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Örugg þjónusta í 27 ár**

**RAFSTJÓRN ehf.**

Virki loftræstikeria er okkar lag.

Rafstjórn ehf - Stangarhyl 1A - Sími: 587-8890  
www.rafstjorn.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

**SJÓÐHEITUR**

**SÓLAR**

**sprettur**

í sólarhring!

**Hefst í dag**  
**kl. 12:00!**

**plús**

**FERÐIR**

www.plusferdir.is



**MIKILVÆGT UMHVERFISMÁL** Bygging jarðgerðarstöðvar á Álfsnesi yrði stórt skref í vinnslu sorps á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR

## Útboðsreglur brotnar í Sorpustöð á Álfsnesi

Íslenska gámafélagið og Metanorka kærðu samning Sorpu og Aikan um tæknilausnir og ráðgjöf því verkið fór ekki í útboð. Kærunefnd útboðsmála segir að Sorpa þurfi að bjóða verkið út. Framkvæmdastjórinn tjáir sig ekki að svo stöddu.

**SAMKEPPNISMÁL** „Menn verða að vinna svona hluti á gagnsæjan hátt,“ segir Jón Þórir Franzson, framkvæmdastjóri Íslenska gámafélagsins, um úrskurð kærunefndar útboðsmála þess efnis að Sorpa bs. geti ekki skrifað undir samning við Aikan A/S um tæknilausnir og tæknilega ráðgjöf við uppbyggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi nema að undangengnu útboði.

Íslenska gámafélagið og Metanorka kærðu fyrirhugaða samningsgerð Sorpu til kærunefndar útboðsmála síðastliðið haust.

Kröfur kæranda voru þær að kærunefnd útboðsmála úrskurðaði á þá leið að Sorpu yrði gert að auglýsa útboð um tæknilausnir á EES-svæðinu. Í kjölfarið stöðvaði kærunefnd útboðsmála fyrirhugaða samningsgerð á meðan nefndin ynni að úrskurði.

Jón Þórir segir úrskurð kærunefndarinnar vandaðan og að hann byggi á ítarlegri rannsókn nefndarinnar. „Nefndin telur að Sorpa þurfi að opna útboðsferlið aftur og bjóða út verkið. Við viljum taka þátt í því

útboði og erum mjög spennt fyrir því,“ segir hann. „Við vonumst til að Sorpa standi við það en fari ekki að þráast við þetta aftur.“

Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, vill ekki tjá sig um málið að svo stöddu.

Áður hafði Sorpa talið sig geta samið beint, án útboðs, við Aikan um notkun tæknilausna og ráðgjafar við uppbyggingu stöðvarinnar. Rök forsvarsmanna Sorpu voru á þá leið að aðeins einn bjóðandi kæmi til greina af tæknilegum ástæðum.

Stjórn Sorpu samþykkti á fundi sínum 12. maí í fyrra að gengið yrði til samninga við Aikan á þessum grundvelli. Samkvæmt fundargerð þess fundar hafði stjórn Sorpu fengið ráðgjöf frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar.

Bygging gas- og jarðgerðarstöðvarinnar í Álfsnesi er viðamikil skref í umhverfismálum á höfuð-

„Við vonumst til að Sorpa standi við það en fari ekki að þráast við þetta aftur.“

Jón Þórir Franzson, framkvæmdastjóri Íslenska gámafélagsins.

borgarsvæðinu og er í samræmi við stefnu sem sveitarfélögin hafa mótað. Eftir að stöðin hefur starfsemi verður allur úrgangur sem safnað er frá heimilum á svæði Sorpu unninn í stöðinni. Lífrænu efnin verða nýtt til gas- og jarðgerðar, en málmar og önnur ólífræn efni verða flokkuð frá.

sveinn@frettabladid.is / stefanarfn@frettabladid.is



## Fjórar verslanir á Akureyri sektaðar fyrir brot á lögum um verðmerkingar: Sektuð samtals um 450 þúsund

**AKUREYRI** Neytendastofa hefur sektað fjögur fyrirtæki á Akureyri vegna þess að verðmerkingar í verslunum þeirra voru ekki í samræmi við lög. Er þetta gert í kjölfar eftirlits stofnunarinnar á verðmerkingum á Akureyri í júlí og desember í fyrra.

Neytendastofa réðst í viðamikið eftirlit með verðmerkingum í júlí í fyrra og var fjöldi verslana bent á annmarka í verðmerkingum. Í seinna eftirlitinu hafði ástand verðmerkinga batnað. Fjórar verslanir sinntu þó ekki tilmælum

Neytendastofu og voru þar af leiðandi sektaðar. Halldór Ólafsson ehf. var sektað um 50 þúsund krónur, Háskompan um 75 þúsund krónur, N1 Hörgárbraut um sömu upphæð og Samkaupsverslanirnar Strax um 250 þúsund krónur.

Fréttablaðið sagði frá því í apríl í fyrra að Neytendastofa hefði ekki haft uppi eftirlit utan höfuðborgarsvæðisins frá 2008. Í júlí ákvað svo Neytendastofa að gera bragarbót á og kannaði verðmerkingar á Akureyri.



**SEKTAÐ** Samkaupsverslanirnar Strax við Borgarbraut og Byggðaveg voru sektaðar um samtals 250 þúsund krónur fyrir ónógar verðmerkingar.

- sa



# Allt fyrir veisluna

Stórkaup býður upp á fjölbreytt úrval af tilbúnum réttum á veisluborðið. Einfalt að bera fram!



## Kökur og eftirréttir



**TAKMARKAÐ MAGN**  
Ekta ítalskur Gelato,  
beint frá Ítalíu  
8 teg., 5 lítrar

3.422kr/stk



**TILBOÐ**  
Almond Toblerone  
Tertur, 3 teg.  
1kg 12 sneiðar

2.799kr/stk  
verð áður 3.111



**TILBOÐ**  
Vatnsdeigsbollur  
með rjómakremi  
80stk í pk.

999kr/pk  
verð áður 1.100



**TILBOÐ**  
Vatnsdeigsbollur  
með jarðaberjarjómakremi  
80stk í pk.

999kr/pk  
verð áður 1.193

## Pinnamatur



**TILBOÐ**  
Salomon  
Chik'n d. sweet Chilli  
30stk í pakka - 1kg

4.799kr/pk  
verð áður 5.808



**TILBOÐ**  
Salomon 4 Asian Delight  
80stk í pakka - 1,6kg

4.999kr/pk  
verð áður 5.819



**NÝTT**  
Crispy Seafood  
Fine Asia Snacks  
3 teg., 1kg



**TILBOÐ**  
Prawn on a stick  
500gr

1.799kr/pk  
verð áður 2.177



**TILBOÐ**  
Tempura  
500gr

1.399kr/pk  
verð áður 1.659



**TILBOÐ**  
Yakitori kjúklingalundir  
í Satay sauce  
50stk í pakka - 1,5kg

5.799kr/pk  
verð áður 6.742



**TILBOÐ**  
Piccolinis original  
smá pizzur  
40stk í pakka

1.999kr/pk  
verð áður 2.489



**TILBOÐ**  
Chili cheese nuggets,  
Mozzarella Sticks og  
Cheddar Jalapenos  
25-53stk í pakka - 1kg

1.899kr/pk  
verð áður 2.299



Pinnar í  
úrvali!



Peking önd  
úrbeinuð, 625 g  
1.599kr/pk

Úrval af tilbúnum  
köldum sósum!



Kjúklingastrimlar  
foreldaðir 1kg  
1.799kr/kg

Nautalundir  
frosnar, innfluttar  
3.899kr/kg

Einnig erum við með  
úrval af einnota  
dúkum, glösum og  
servéttum.

# STÓRKAUP

BIRGÐAVERSLUN



# Versta mögulega niðurstaðan

Margt samfylkingarfólk er í sárum eftir formannslaginn á föstudag. Átakalítill fundur til að brýna fólk til dáða breyttist í átakafund sem skiptist í jafna helminga. Yfirlýsingar hafa hleypt illu blóði í marga. Líklegt er að reglum um formannskjör verði breytt í kjölfar fundarins.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**  
kolbeinn@frettabladid.is



Landsfundur hjá stjórnmalaflokki þar sem ekki er sótt að formanni snýst samkvæmt hefðinni um það að hrista fólk saman, skerpa línurnar varðandi málefni og brýna fólk til dáða. Það á ekki síst við þegar floknum gengur illa í skoðanakönnunum. Fram á fimmtudagskvöld leit út fyrir að landsfundur Samfylkingarinnar færi nákvæmlega eftir þessari forskrift. Fyrirhuguð mæting var eftir því, margt áhrifafólk innan flokksins ætlaði að eyða helginni í annað. Allt breyttist þegar Sigríður Ingibjörg Ingadóttir tilkynnti um formannsframboð sitt.

Framboð Sigríðar kom flestum í algjörlega opna skjöldu. Samkvæmt lögum Samfylkingarinnar þarf að skila inn framboði til formanns nokkru fyrir landsfund, sé ætlunin að fram fari allsherjaratkvæðagreiðsla allra flokksmanna. Og það er það sem flokkurinn hefur stært sig af; lýðræðið sem felst í því að allir flokksmenn velji formann.

Hins vegar bjóða lögin upp á það að hægt sé að bjóða sig fram til formennsku þannig að landsfundarfulltrúar einir kjósi. Það er það lagaákvæði sem Sigríður Ingibjörg nýtti sér og sama hvað fólk finnst um framboð hennar þá er það kristaltært að það var að fullu samkvæmt lögum flokksins.

## Formaðurinn sleginn

Það þurfti ekki sérfræðinga í líkamstjáningu til að sjá að Árni Páll Arnason, formaður flokksins, var sleginn yfir framboðinu. Átakalítill fundur um málefni breyttist á örskotsstundu í kosningu um framtíð hans á formannsstóli.

Og blessað Facebook spilaði sína rullu. Nútímakosningabaráttu fer að stórum hluta til fram þar og þeir sem renndu yfir læk og ummæli við framboðstilkynningar Sigríðar Ingibjörgar sáu í hendi sér að hún naut umtalsverðs stuðnings hjá mörgum áhrifamönnum.

Og þá fór allt í einu að skipta höfuðmáli hverjir höfðu valist sem fulltrúar á landsfund. Formaðurinn, áskorandinn og stuðningsmenn þeirra settust yfir haustalningu. Fáir voru þó til þess að spá því að Sigríður ætti raunhæfa möguleika á að sigra Árna Pál. Margir litu á hennar framboð sem leið hennar til að styrkja sig í sessi innan flokksins í Reykjavík, samhlíða því að koma óánægju sinni með forystuna á framfæri.

## Sjálfum sér verst

Reyndin varð eins og úr pólitískum reyfara. Eitt atkvæði skildi á milli frambjóðendanna. Og til að bæta smá skammti af absúrdisma inn í spennuna fékk Anna Pála Sverrisdóttir eitt atkvæði, sem varð til þess að hún þurfti að sverja af sér að hafa kosið sjálfa sig.

Sigríður Ingibjörg lýsti því strax yfir að hún mundi berjast áfram

fyrir framgangi Samfylkingarinnar, engir óvinir væru innan flokksins, þá væri að finna í ríkisstjórn.

Árni Páll sagðist skynja kröfu um breytingar og vera tilbúinn til að verða við þeirri kröfu. Þannig hefði mögulega mátt ljúka málinu og halda áfram veginn, ekkert stopp, en aftur kom blessað Facebook til sögunnar.

Facebook er nefnilega einkafjölmiðill hvers notanda og ekki leið á löngu þar til yfirlýsingarnar fóru að berast út. Brigsli um valdaránstílraun, lúalegt herbragð og ýmislegt í þeim dúr birtist og allt í einu var málið ekki farið að snúast um formannskjör þar sem einn frambjóðandi vann og annar tapaði.

Samfylkingarfólk var sjálfu sér verst í kjölfarið á kosningunum. Hafi einhver vonast til þess að enn gætu flokksmenn komið fram samhentir út á við, var fljótlega ljóst að það var borin von.

Og meira að segja Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður flokksins, hnýtti í Sigríði Ingibjörgu fyrir framboðið, en hingað til hefur verið litið svo á að Sigríður sækti stuðning til Ingibjargar Sólrúnar.

## Allir óánægðir

Segja má að allir hafi gengið óánægðir frá formannskjöriinu. Árni Páll sigraði með einu atkvæði, sem er afskaplega veikt umboð. Fjölmargir sem Fréttablaðið ræddi við benda á að niðurstaðan hefði orðið önnur ef



**EINN Á SVIÐI** Árni Páll Arnasonar bíður erfitt verkefni. Hann þarf að stilla saman strengi samfylkingarfólks á seinni hluta kjörtímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

fram hefði farið allsherjaratkvæðagreiðsla, en slík viðtengingarháttfræði skipta engu. Sú atkvæðagreiðsla fór aldrei fram og eftir stendur sú staðreynd að eitt atkvæði skildi á milli leiðtoga Samfylkingarinnar og óbreytts þingmanns.

Sigríður Ingibjörg fékk hins vegar óþægilega mikinn stuðning, miðað við það að vinna ekki. Eitt er að fá töluvert af atkvæðum og styrkja þannig framtíðarstöðu sína. Í slíkri stöðu hefðu 40 prósent atkvæða verið sigur. Að skipta fundinum í tvær jafnar fylkingar

sem eitt atkvæði skilur að er hins vegar allt annað mál. Og framboð Sigríðar varð til þess að fundurinn mun í hugum kjósenda aðeins snúast um formannskosninguna, ekki málefni og samstöðuna.

Ýmsar ályktanir voru samþykktar á fundinum, sumar býsna röt-tækur fyrir Samfylkinguna. Þær féllu hins vegar í skuggann af formannskjöriinu. Næstu skref forystunnar skipta miklu máli í því hvort litið verði á formannskosninguna sem einstakan atburð, eða eitthvað sem sló taktinn fyrir enn frekari átök.

**Audi** 

Vorsprung durch Technik

## Snjór. Frost. Ís. Skiptir engu!

**Audi Q5. Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður.**



**Verð frá kr. 7.990.000,-**  
2.0 TDI quattro, sjálfskiptur

 **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



# BÆTTU VIÐ ÞIG ÞEKKINGU

” Ég var mjög ánægð með námskeiðið, frábært að geta verið heima og læra í gegnum netið. Það var líka svo gott að geta nýtt sér sveigjanleikann í mætingu þar sem ég var í vaktavinnu. Ég er í alla staði mjög ánægð með þjónustuna hjá Promennt og á klárlega eftir að nýta mér það að fara á fleiri námskeið.”  
Sólveig Pétursdóttir, Bókhald – grunnur og Excel

” Mér fannst þetta námskeið eitt það besta sem ég hef farið á. Kennarinn var mjög góður. Það sem ég lærði hefur nýst mér mjög vel í vinnunni.  
Auður Auðunsdóttir, Excel grunnur

[www.promennt.is](http://www.promennt.is)

## FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða og námsbrauta. Þeir sem vilja bæta við sig þekkingu með upplýsingatæknina að vopni ættu ekki að láta þetta framhjá sér fara.

Brot af námsúrvali Promennt.  
Sjá nánar á [promennt.is](http://promennt.is)

### ▶ GRAFÍSK HÖNNUN

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám í grafískri hönnun ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi (t.d. á háskólastigi). Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir. Kennir er á forritin Photoshop, Illustrator og InDesign.

Hefst **7. apríl** • Kvöldhópur • Lengd: **105 std.** • Verð: **169.000 kr.**  
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **28.167 kr.** á mánuði

### ▶ VERKEFNASTJÓRNUN MEÐ MINDMANAGER

Farið er yfir einkenni verkefna og helstu hugtök verkefnastjórnunar. Hugbúnaðurinn MindManager er kynntur til sögunnar og farið er yfir hvernig hann nýtist við stýringu verkefna. MindManager forritið að verðmæti 35.000 kr. fylgir frítt með.

Hefst **13. apríl** • Kvöldhópur • Lengd: **26 std.** • Verð: **64.000 kr.**

### ▶ ALMENNT TÖLVUNÁM

Sérlega hagnýtt nám fyrir þá sem einhvern tölvugrunn hafa til að byggja á eða hafa einhverja reynslu af tölvuvinnu en vilja auka við hæfni sína og læra meira. Þátttakendur þurfa að hafa lágmarksþekkingu á Internetinu og að hafa sent og tekið á móti tölvupósti.

Hefst **9. apríl** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **60 std.** • Verð: **64.000 kr.**

Skráning fer fram á vefnum okkar, [www.promennt.is](http://www.promennt.is), og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

### ▶ BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Viltu dýpka þekkingu þína í bókhaldi eða ertu jafnvel á leiðinni í námið *Viðurkenndur bókarí?* Þá er þetta kjörinn undirbúningur fyrir þig!

Bókaránám fyrir lengra komna er hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi og vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Námskeiðið er einnig hugsað sem aðfararnám fyrir þá sem stefna á námið *Viðurkenndur bókarí*. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst: **27. apríl** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **105 std.** • Verð: **124.000 kr.**  
Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **20.667 kr.**

### ▶ STÖK NÁMSKEIÐ

WORDPRESS – VEFURINN MINN	13. apríl	39.000 kr.
PHOTOSHOP 2	7. apríl	64.000 kr.
ILLUSTRATOR	28. apríl	64.000 kr.
INDESIGN	19. maí	59.000 kr.
FACEBOOK SEM MARKAÐSTÆKI	5. maí	43.000 kr.
GOOGLE ADWORDS	7. maí	39.000 kr.
GOOGLE ANALYTICS	19. maí	39.000 kr.
EXCEL FRH. OG PIVOT GREININGAR	27. apríl	39.000 kr.
EXCEL GRUNNUR	30. apríl	39.000 kr.
TÖLVUVIÐGERÐIR	14. apríl	129.000 kr.
TÖLVUNÁMSKEIÐ 60+	13. apríl	34.900 kr.



Gæðavottun  
fræðsluaðila



Promennt er eini  
Microsoft-vottaði  
skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er  
einnig boðið upp á  
fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er  
boðið upp á dag-  
og kvöldnám.

PROMENNT  
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • [promennt@promennt.is](mailto:promennt@promennt.is) • [promennt.is](http://promennt.is)

PROMENNT



## Áskorun frá Ísafjarðarbæ: Raforkukerfið er dragbítur

**ORKUMÁL** Bæjarstjórn Ísafjarðar segir raforkukerfið á Vestfjörðum dragbít á samfélagsþróun. Skorað er á Landsnet og ríkisstjórnina að bæta raforkuöryggi með hringtengingu háspennulína um Djúp, milli Ísafjarðar og Hólmavíkur.

„Það er á ábyrgð stjórnvalda að gera úrbætur á vanþróðu flutningskerfi raforku á Vestfjörðum og standa með þeim hætti við eigin markmið,“ segir í greinargerð með áskoruninni.

# Segja hvalveiðar hafa lítil áhrif á samskipti ríkjanna

Fyrirverandi sendiherra Íslands í Bandaríkjunum og formaður utanríkisnefndar eru sammála um að afstaða Bandaríkjamanna til hvalveiða og pólitískur þrýstingur vegna þeirra hafi ekki eitruð samskipti þjóðanna.

**UTANRÍKISMÁL** „Nei, ég hef ekki orðið var við neina breytingu í samskiptum ríkjanna,“ segir Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar, um afstöðu bandarískra stjórnvalda til hvalveiða Íslendinga og upplýsinga sem koma fram í minnisblaði Johns Kerry utanríkisráðherra til Baracks Obama Bandaríkjaforseta frá því í janúar. Minnisblaðið fjallar um hvernig svokölluðu Pelly-laga-ákvæði hefur verið framfylgt gagnvart Íslendingum frá því í apríl í fyrra.

Birgir segir að öll samskipti er lúta að öryggismálum, viðskiptum eða samstarfi á vettvangi fjölþjóðlegra samtaka eða fyrirtækja hafi farið vaxandi, enda áherslumál íslenskra stjórnvalda að auka þau.

Í bréfi Kerrys til Bandaríkjaforseta eru tíunduð mörg dæmi um diplómátskar aðgerðir í samskiptum ríkjanna. Veigamest virðist að bandarískir ráðherrar hafa ekki komið til Íslands í opinberar heimsóknir og tvíhliða samvinna er alltaf metin í ljósi hvalveiðanna, eins og þar er m.a. tíundað.

Hvað varðar heimsóknir bandarískra ráðherra segir Birgir það rétt að um þær hafi ekki verið að ræða frá 1. apríl í fyrra, en svo hafi líka verið mun fyrr. Spurður hvort það hafi verið vegna hvalveiðanna,

en strax árið 2011 var Pelly-ákvæðinu beitt gegn Íslandi, segir Birgir að honum sé ekki kunnugt um það.

„En auðvitað höfum við heyrt á fulltrúum Bandaríkjamanna að hvalveiðarnar eru viðkvæmt mál í samskiptum ríkjanna og fulltrúar þeirra taka þetta oft upp,“ segir Birgir og bætir við að eitt skýrasta dæmið um aðgerðir Bandaríkjaforsetar sé þegar Íslendingum var ekki boðið á stóra alþjóðlega hafráðstefnu, Our Ocean, sem utanríkisráðuneyti Bandaríkja stóð fyrir í júní í fyrra.

Geir H. Haarde, sem um áramót tók við starfi sendiherra í Bandaríkjunum, segist á sínum starfstíma ekki hafa orðið var við að hvalveiðar Íslendinga stæðu í vegi fyrir góðum samskiptum íslensku utanríkisþjónustunnar við bandaríska stjórnkerfið.

„Hins vegar liggur fyrir að skoðanaágreiningur um þetta mál hefur verið fyrir hendi í meira en aldarfjórðung,“ segir hann og kveður bandarískum embættismönnum skylt að taka málið reglulega til umræðu á fundum með íslenskum stjórnsmála- og embættismönnum. „Íslensk stjórnvöld standa hins vegar föst á okkar rétti varðandi hvalveiðar.“

Guðmundur Árni Stefánsson, fyrirverandi sendiherra Íslands í



FYRSTI Á LAND Hvalveiðar Íslendinga eru Bandaríkjamönnum þyrnir í augum.

FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍDRÍK

## Mótmæla verslun með hvalaafurðir

Pelly-viðaukinn við bandarísk lög um fiskveiðistjórn kveður á um að veiki ríki alþjóðlegar aðgerðir til verndar lífríkinu, skuli forsetinn kynna fyrir þinginu til hvaða refsiaðgerða hann hyggist grípa gegn viðkomandi ríki.

Barack Obama forseti kynnti aðgerðir 1. apríl sl. sem byggjast á því að bandarísk stjórnvöld telja að hvalveiðar við Ísland brjóti gegn banni CITES við verslun með hvalaafurðir. Lúta aðgerðirnar að veiðum á langreyði en síður hrefnuveiðum og sölu á innanlandsmarkaði.

Bandaríkjunum, segir sína reynslu þau rúmu þrjú ár sem hann starfaði sem sendiherra Íslands í Washington vera þá að opinberir aðilar hafi komið sjónarmiðum sínum vegna hvalveiða ítrekað á framfæri við fulltrúa Íslands. Á sama hátt hafi íslensk stjórnvöld gert grein fyrir sjónarmiðum Íslands til málsins.

„Sá skoðanamunur kom ekki í veg fyrir eðlileg samskipti fulltrúa íslensku utanríkisþjónustunnar við embættis- og ráðamenn í Bandaríkjunum, né við aðra bandaríska aðila sem samskipti voru höfð við vegna íslenskra hagsmuna,“ segir Guðmundur Árni.

svavar@frettabladid.is

## ROSEBERRY

### Öflugt gegn blöðrubólgu

Virkar innan 24 tíma  
2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsuþúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna  
[www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)

# DACIA DUSTER



[www.dacia.is](http://www.dacia.is)

FJÓRHJÓLADRIFINN, DÍSIL  
HLAÐINN STAÐALBÚNAÐI, VERÐ KR.

**3.990** PÚS.

EYÐSLA Í BLÖNDUÐUM  
AKSTRI 5,3 L/100 KM\*

Dacia  
eco<sup>2</sup>



**KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ**

\*Miðað við uppgæfna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ  
ÖFLUGUR Í TORFÆRUM  
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI  
GÓÐUR Í ENDURSÖLU

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.bilahusid.is](http://www.bilahusid.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





# SAMSUNG

## Til merkis um að góðir hlutir gerast hratt

Samsung merkið stendur ekki bara fyrir sjónvörp og síma. Heimilistækin frá þeim eru í fremstu röð og búin allri nýjustu tækni og þægindum eins og sjónvörpin og símarnir. Góðir hlutir gerast hratt hjá Samsung.



RB29FSRNDSS

### Kælin - frystir

178 cm skápur. 192+98 ltr.  
Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.

**Verð: 106.900,-**




RB29FSRNDWW

### Kælin - frystir

178 cm skápur. 192+98 ltr.  
Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.

**Verð: 98.900,-**



RB31FERNCCS

### Kælin - frystir

185 cm skápur. 208+98 ltr.  
Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.

**Verð: 134.900,-**



DW-UG721W

### Uppþvottavél

· Mjög rúmgóð og vel skipulögð.  
· Hnífaparaskúffa efst.  
· Mjög hljóðlát - aðeins 44db.

Hvít: **Verð: 117.900,-**  
Einnig til í stáli á kr. 129.900,-



WW80H7400EW/EE

### 8 kg Þvottavél

· Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð  
· 1400 snúningar  
· Ecobubble  
· Demantatromla

**Verð: 109.900,-**



DV70H4400CW/EE

### 7 kg Þurrkari

· Barkalaus  
